

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/50

frá 29. júní 2009

um ráðstafanir til að bæta starfsemi innri markaðarins (*)

(2009/524/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vel starfandi innri markaður er grundvöllur hagvaxtar og atvinnu og forsenda efnahagslegs stöðugleika. Því skilvirkari sem innri markaðurinn er því meira bætir hann viðskiptaumhverfið sem hvetur fyrirtæki til þess að fjárfesta og skapa ný störf sem aftur eykur tiltrú neytenda og eftirspurn. Þar af leiðir að vel starfandi innri markaður hefur mikla þýðingu fyrir efnahagsbata í Evrópu þegar efnahagslægð ríkir.
- 2) Rétt lögleiðing, beiting, framfylgd og eftirlit með reglum Bandalagsins um starfsemi innri markaðarins (hér á eftir „reglur innri markaðarins“) og fullnægjandi samræming þeirra er forsenda vel starfandi innri markaðar.
- 3) Samráð og greining vegna undirbúnings orðsendingarinnar „Innri markaður fyrir Evrópu á 21. öld“ (hér á eftir „endurskoðun innri markaðarins“) ⁽¹⁾ leiddi í ljós fjölda annmarka sem sýna að innri markaðurinn er ekki enn jafn skilvirkur og hann ætti að vera. Frekari vinna er nauðsynleg á mörgum sviðum og í mörgum geirum. Einstaklingar jafnt og fyrirtæki geta oft ekki gripið þau mörgu tækifæri sem innri markaðurinn býður upp á því reglum er ekki beitt eða fylgt eftir á tilhlýðilegan hátt.

- 4) Framkvæmdastjórnin lagði því til markvissar ráðstafanir við endurskoðun innri markaðarins til að tryggja að einstaklingar jafnt og fyrirtæki haldi áfram að njóta góðs af þeim efnahagslega ávinningi er innri markaðurinn skapar ⁽²⁾.

- 5) Ráðstafanir sem aðildarríkin gera og ráðstafanir sem framkvæmdastjórnin gerir skulu styðja hverjar við aðra. Samræmd nálgun og samstarfsstefna er þýðingarmikil — í samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna — fyrir það sameiginlega markmið að bæta innleiðingu, beitingu og framfylgd reglna innri markaðarins, í því skyni að tryggja að hann starfi rétt. Samstarfsstefnan innan ramma þessara tilmæla gengur lengra en sú samvinna sem þegar fer fram í mörgum málaflokkum innri markaðarins. Hún krefst þess að nánú samstarfi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar sé komið á og því viðhaldið á öllum sviðum sem máli skipta fyrir innri markaðinn. Hún er einnig fólgin í því að aðildarríkin taki sameiginlega ábyrgð og séu þar með virkari í stjórnun innri markaðarins.

- 6) Við endurskoðun innri markaðarins, einkum í umræðum sem fylgdu í kjölfarið við aðildarríkin, voru tilgreind svið sem hafa úrslitapýðingu fyrir vel starfandi innri markað, nánar tiltekið að samræmd afstaða í málefnum innri markaðarins sé tryggð, að samvinna á milli aðildarríkjanna og við framkvæmdastjórnina sé bætt, að lögleiðing reglna um innri markaðinn sé bætt, að eftirlit sé haft með mörkuðum og geirum til að greina hugsanlegar truflanir á starfsemi innri markaðarins, að beiting reglna innri markaðarins sé bætt, að framfylgd reglna innri markaðarins sé styrkt og úrlausn vandamála sé efld, að reglubundið mat á landslöggjöf sé aukið og að borgarar og fyrirtæki séu upplýst um réttindi þeirra á innri markaðinum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 176, 7.7.2009, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 15.7.2010, bls. 22.

⁽¹⁾ COM(2007) 724 lokagerð, 20.11.2007.

⁽²⁾ Verg landsframleiðsla í Bandalaginu jókst um 2,15% og 2,75 milljónir nýrra starfa urðu til á tímabilinu 1992-2006, viðskipti innan Bandalagsins jukust jafnframt um 30% frá 1995-2005 (SEC(2007) 1521, 20.11.2007).

- 7) Í þessum tilmælum er að miklu leyti byggt á lausnum sem þegar hafa verið innleiddar í tilteknum aðildarríkjum og hafa reynst vel í framkvæmd. Hvert aðildarríki fyrir sig velur þær aðferðir sem best eru til þess fallnar að tryggja framkvæmd þessara tilmæla, að teknu tilliti til þess hvaða leið er skilvirkust fyrir viðkomandi aðildarríki, þar sem ekki er sjálfgæfið að málsmeðferð og venjur sem eru skilvirkar í einu aðildarríki séu jafn skilvirkar í öðru aðildarríki.
- 8) Rannsóknir sýna að aðildarríkin þurfa að bæta innri samræmingu í málefnum innri markaðarins, þar sem viðeigandi valdheimildir eru oft dreifðar milli ýmissa landsyfirvalda⁽¹⁾. Þar sem beiting reglna innri markaðarins getur krafist aðkomu margra ólíkra lands-, svæðis- og staðaryfirvalda í hverju aðildarríki ber að efla samstarf á milli þeirra. Því ber aðildarríkjunum að tryggja og efla samræmingarstarfsemi í þágu innri markaðarins innan landsbundinna stjórnvalda sinna í samræmi við það tiltekna landsbundna stjórnsýslufyrirkomulag og hefðir sem eru fyrir hendi. Þau yfirvöld sem þessi samræmingarstarfsemi fellur undir skulu bera heildarábyrgð á skipulagningu, umsjón og mati á framkvæmd þessara tilmæla.
- 9) Náð samstarf yfir landamæri á milli yfirvalda aðildarríkjanna, sem málefni innri markaðarins heyra undir, gerir kleift að byggja upp gagnkvæmt traust og hefur afgerandi þýðingu fyrir rétta beitingu á reglum innri markaðarins. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að netkerfi yfir landamæri eða rafræn upplýsingakerfi sem framkvæmdastjórnin hefur komið á fót (t.d. upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn (IMI), Bandalagskerfi um skjót skipti á upplýsingum (RAPEX)⁽²⁾, hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og fóður (RASFF)⁽³⁾ eða samvinnukerfi fyrir neytendavernd (CPC) séu starfhæf með því að gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. úthlutun fjármagns.
- 10) Stigatafla innri markaðarins hefur leitt í ljós að enn er þörf á umbótum varðandi tímamörk og gæði lögleiðingar tilskipana um innri markaðinn. Þó að tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 12. júlí 2004 um lögleiðingu tilskipana sem hafa áhrif á innri markaðinn⁽⁴⁾ (hér eftir nefnd tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 2004) hafi verið framfylgt að mestu leyti og þó að það hafi leitt til þess að hraði lögleiðinga hafi batnaði umtalsvert þarf samt sem áður að beita vissum þáttum umræddra tilmæla á skilvirkari hátt. Í þessum tilmælum er vísað til aðgerða sem áfram teljast nauðsynlegar og byggjast á aðgerðum sem mælt var með í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 2004 og eru áfram viðmiðun fyrir þær stjórnsýslustofnanir aðildarríkjanna sem lögleiðing heyrir undir. Tilmæli þessi byggja einnig á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar — Árangursmiðuð Evrópa — Beiting laga
- Bandalagsins⁽⁵⁾ og á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar — Endurskoðun Lamfalussy-ferlis — Styrking á samleitni eftirlits⁽⁶⁾.
- 11) Markaðseftirlit er nauðsynlegt svo hægt sé að skilgreina þau svið þar sem markaðir starfa ekki eðlilega fyrir neytendur eða fyrirtæki og leggja megí áherslu á stefnu innri markaðarins á þeim sviðum. Af þeim sökum skal það vera óaðskiljanlegur þáttur við útfærslu og eftirlit með stefnu innri markaðarins (t.d. með „stigatöflu neytendamarkaðarins“). Samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar og yfirvalda aðildarríkjanna við markaðseftirlit og gagnasöfnun mun auka gæði gagna og greiningar sem notuð er á vettvangi Bandalagsins og í einstökum ríkjum og auðvelda að ná samstöðu í málefnum innri markaðarinn. Aðildarríkin eru hvött til þátttöku í markaðseftirliti á vegum framkvæmdastjórnarinnar og til að framkvæma samskonar eftirlit á landsvísi sem lagað skal að þörfum hvers ríkis.
- 12) Ýmsar landsbundnar rannsóknir hafa undirstrikað mikilvægi starfsþjálfunar í þeim tilgangi að aðstoða embættismenn, þ.m.t. dómara, í stjórnsýslu á lands-, svæðis- og staðarvísi við rétta lögleiðingu, beitingu og framfylgd reglna innri markaðarins. Í þessu samhengi er mikilvægt að tryggja að ávallt sé tekið tillit til reglnanna og áhrifa þeirra almennt á samkeppnishæfni Bandalagsins út á við þegar landslögjöf er samin. Mikilvægi starfsþjálfunar var staðfest enn frekar í nýlegri rannsókn og ályktun Evrópuþingsins um hlutverk landsbundinna dómara og ályktun þess frá 2005 um samkeppnislög⁽⁷⁾, auk nýlegrar ályktunar ráðsins⁽⁸⁾. Jafnframt skal veita embættismönnum leiðsögn um lög Bandalagsins almennt og um reglur innri markaðarins sérstaklega.
- 13) Skilvirk framkvæmd reglna innri markaðarins og réttar ráðstafanir til þess að leysa vandamál sem borgarar og fyrirtæki eiga við að etja skiptir sköpum í því að auðvelda þeim að njóta góðs af frelsinu sem er tryggt í sáttmálanum. Með því að byggja á samstarfinu við lausn vandamála sem þegar hefur verið komið á, einkum í gegnum net til úrlausnar vandamála á innri markaði (SOLVIT)⁽⁹⁾, skulu aðildarríkin, með fulltingi

⁽¹⁾ Vinnuskjal starfsfólks framkvæmdastjórnarinnar um tæki til nútímavæðingar á stefnu innri markaðarins (SEC(2007) 1518, 20.11.2007).

⁽²⁾ Hraðviðvörðunarkerfi fyrir aðrar hættulegar neytendavörur en matvæli.

⁽³⁾ Hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og fóður.

⁽⁴⁾ Stjóð. ESB L 98, 16.4.2005, bls. 47.

⁽⁵⁾ COM(2007) 502 lokagerð, 5.9.2007.

⁽⁶⁾ COM(2007) 727 lokagerð, 20.11.2007.

⁽⁷⁾ Ályktun Evrópuþingsins um hlutverk landsbundinna dómara í evrópska dómkerfinu (INI/2007/2027, 9.7.2008), ályktun Evrópuþingsins um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um stefnu í samkeppnismálum 2004 (INI/2005/2209, 20.3.2006).

⁽⁸⁾ Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna sem komu saman á vegum ráðsins, 14757 frá 28. október 2008.

⁽⁹⁾ Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar: „Árangursrík úrlausn vandamála á innri markaðnum (SOLVIT)“ (COM(2001) 702 lokaútgáfa, 27.11.2001).

framkvæmdastjórnarinnar, bæta virkni fyrirkomulags til úrlausnar vandamála — annaðhvort á vettvangi landsbundinna dómstóla eða utan réttar — í þágu skilvirkrar úrlausnar. Mikilvægt er að fást við þær aðstæður sem leiða til þeirra vandamála sem koma upp.

- 14) Reglulegt eftirlit og mat á landslöggjöf er þýðingarmikið, þar sem það gerir kleift að sannreyna hversu árangursrík beiting reglna innri markaðarins er í raun, sem og greining ákvæða sem gætu komið í veg fyrir að borgarar og fyrirtæki geti nýtt sér þær til fulls. Slíkt eftirlit skal vera kerfisbundnara í aðildarríkjunum.
- 15) Nýjar kannanir á viðhorfum almennings í Evrópu ⁽¹⁾ og erindi, sem hefur verið beint til upplýsingaþjónustu og þjónustu til úrlausnar vandamála hjá framkvæmdastjórninni, leiða í ljós nauðsyn þess að veita borgurum og fyrirtækjum meiri upplýsingar um réttindi þeirra á innri markaðinum til að gera þeim kleift að nýta þessi réttindi í raun. Auk þess skulu borgarar og fyrirtæki eiga þess kost að fá aðstoð við nýtingu þessara réttinda. Í því skyni skulu aðildarríkin, með fulltingi framkvæmdastjórnarinnar og hagsmunaaðila, ef við á, tryggja framboð á ráðgjöf og hagnýtum upplýsingum um málefni sem varða borgara og fyrirtæki sem vilja búa, vera við nám, vinna, stofna fyrirtæki eða bjóða vörur og þjónustu í öðru aðildarríki.
- 16) Í viðauka við þessi tilmæli eru settar fram ráðstafanir sem aðildarríkin gætu gert til að koma tilmælunum til framkvæmda og þar er jafnframt skrá yfir starfsvenjur tiltekinna aðildarríkja, sem ráðstafanirnar eru byggðar á. Litið er svo á að jafnvel þótt tilteknar ráðstafanir geti haft í för með sér kostnað til að byrja með eigi þær að gera sparnað mögulegan, t.d. með því að auka hagkvæmni landsbundinnar stjórnsýsluvenja, og leiða til bættrar starfsemi innri markaðarins til langs tíma, og þar af leiðandi koma neytendum og fyrirtækjum til góða.
- 17) Fylgjast skal með framkvæmd þessara tilmæla í náinni samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, þ.m.t. með umfjöllun í ráðgjafarnefnd um innri markaðinn (IMAC), á grundvelli viðmiða og vísa. Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta áhrif tilmælanna fjórum árum eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, skulu aðildarríkin leggja skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina um aðgerðir þeirra til að koma tilmælunum í framkvæmd þremur árum eftir að þau hafa birtust í Stjórnartíðindum ESB.

LEGGUR TIL AÐ AÐILDARRÍKIN:

1. Tryggi og efli samræmingarstarfsemi í þágu innri markaðarins til að stuðla að skilvirkri samræmingu innan

og milli yfirvalda, sem bera ábyrgð á málefnum innri markaðarins á lands-, svæðis- og staðarvísu, og að þau séu viðmiðunarpunktur hvað varðar málefni innri markaðarins innan stjórnsýslunnar.

2. Auðveldi samvinnu milli yfirvalda á sviði stjórnsýslu sem bera ábyrgð á málefnum innri markaðarins í hinum ýmsu aðildarríkjum og samvinnu þeirra við framkvæmda-stjórnina með því að úthluta nægilega miklu fjármagni.
3. Geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta lögleiðingu tilskipana sem hafa áhrif á starfsemi innri markaðarins.
4. Styðji vinnu framkvæmdastjórnarinnar við markaðseftirlit og gagnasöfnun í tengslum við það með því að taka virkan þátt í eftirliti á vettvangi Bandalagsins og, ef við á, með því að framkvæma samskonar eftirlit á landsvísu.
5. Tryggi að landsyfirvöld og embættismenn hafi næga þekkingu á lögum Bandalagsins almennt og reglum innri markaðarins sérstaklega svo beiting þeirra sé skilvirk og, ef við á, taka tillit til reglnanna þegar ný landslöggjöf er undirbúin og innleidd.
6. Auðveldi og hvetji til þess að vandamál, sem verða á vegi borgara og fyrirtækja þegar þau nýta réttindi sín á innri markaðinum, séu leyst á skjótan og skilvirkan hátt með því að gera ráðstafanir til að bæta framkvæmd reglna innri markaðarins almennt, og með því að tryggja að dómsvaldið hafi nægilega þekkingu á lögum Bandalagsins sérstaklega, þ.m.t. reglur innri markaðarins, ásamt nægilegum stuðningi við fyrirkomulag til úrlausnar vandamála.
7. Annist reglubundið mat og úttekt á landslöggjöf til að tryggja að reglur innri markaðarins séu uppfylltar að fullu og hafi með því móti til endurskoðunar allar undanþágur eða frávik frá gildandi reglum um innri markaðinn.
8. Styrki hagnýta upplýsingagjöf um málefni innri markaðarins til fyrirtækja og borgara.
9. Skoði ráðstafanir og starfsvenjur sem settar eru fram í viðaukanum og að teknu tilliti til hefða landsbundinna stofnana, taka upp þær starfsvenjur sem munu eða gera má ráð fyrir að muni leiða til bættrar starfsemi innri markaðarins og eru best til þess fallnar að framkvæma þessi tilmæli.

⁽¹⁾ http://ec.europa.eu/internal_market/strategy/index_en.htm#061204

10. Vinni með framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum við eftirlit með framkvæmd þessara tilmæla, upplýsi framkvæmdastjórnina með reglulegu millibili um aðgerðir til framkvæmdar á þessum tilmælum og afhendi framkvæmdastjórninni lokaskýrslu þremur árum eftir birtingu þessara tilmæla í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 29. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ráðstafanir og starfsvenjur sem bæta starfsemi innri markaðarins

1. RÁÐSTAFANIR SEM TRYGGJA BETRI SAMRÆMINGU Í MÁLEFNUM INNRI MARKAÐARINS

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- a) fela nýju eða núverandi yfirvaldi innan landsbundinna stjórnvalda ábyrgðina á samræmingu málefna innri markaðarins,
- b) tryggja samræmi á milli ráðuneyta og stofnana hins opinbera í málefnum sem varða innri markaðinn,
- c) tryggja samræmi milli ráðuneyta og stofnana hins opinbera annars vegar, og svæðisbundinna yfirvalda eða staðaryfirvalda hins vegar, og jafnframt milli svæðisbundinna yfirvalda og staðaryfirvalda,
- d) tryggja að viðkomandi ráðuneyti og stofnanir hins opinbera, sem og aðrar stofnanir, taki tillit til reglna innri markaðarins,
- e) taka til athugunar möguleikann á því að sameina ábyrgð á ýmissi starfsemi viðvíkjandi innri markaðinum svo hún sé á hendi eins yfirvalds, að teknu tilliti til skipulags landsbundinna stjórnvalda,
- f) skipuleggja, vakta og meta framkvæmd þessara tilmæla.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanimar sem hafa verið lagðar til	
Ábyrgð á samræmingu málefna innri markaðarins	— Sumar opinberar stofnanir eru þegar nálægt því að gegna samræmingarlutverki hvað varðar innri markaðinn. Þær vinna náið með öðrum yfirvöldum að málefnum innri markaðarins, tryggja að landslöggjöf sé í samræmi við reglur innri markaðarins og bera ábyrgð á ýmissi starfsemi viðvíkjandi innri markaðinum.
Samvinna milli ráðuneyta	— Sameiginlegir vinnuhópar ráðuneyta um málefni sem varða innri markaðinn sameina fulltrúa viðkomandi yfirvalda,
Lóðrétt samræming	— Sérstök kerfi eru fyrir hendi, t.d. á sviði opinberra innkaupa eða markaðseftirlits sem tengja svæðisbundin yfirvöld og staðaryfirvöld. Þessi kerfi hafa yfir að ráða sameiginlegum gagnagrunnum eða vefsetrum,
	— Svæðisbundnir fulltrúar og staðarfulltrúar koma að málefnum þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta í gegnum sameiginlega vinnuhópa ráðuneyta,
Sýnileiki á pólitískum vettvangi	— Umræður um stefnu í málefnum innri markaðarins fara fram með reglubundnu millibili, t.d. í undirnefndum landsbundins ráðherraráðs.
	— Þjóðþing taka virkan þátt í greiningu á málefnum innri markaðarins, t.d. með skýrslugerð eða framkvæmd rannsókna.
Stuðningur	— Stofnanir ríkisins tryggja að landslöggjöf sé í samræmi við reglur innri markaðarins með því m.a. að skima drög að landslöggjöf.
Sameining starfsemi viðvíkjandi innri markaðinum	— Ýmis starfsemi viðvíkjandi innri markaðinum heyrir undir ríkisstofnanir, t.d. net til úrlausnar vandamála á innri markaði, upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn, tilkynningar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽¹⁾ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 2679/98 ⁽²⁾ og samræming á uppsetningu upplýsinga- og þjónustumiðstöðva skv. vörupakkanum (e. Goods Package).

1) Tilskipun frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37).

2) Reglugerð frá 7. desember 1998 um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna (Stjtið. EB L 337, 12.12.1998, bls. 8).

2. RÁÐSTAFANIR SEM BÆTA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA OG VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- a) að veita til frambúðar menntun í viðeigandi tungumálum og upplýsingatækni og á öðrum sviðum og auka vitund um upplýsingakerfi sem fyrir eru og viðeigandi reglur varðandi gagnavernd og að taka netkerfi Bandalagsins (t.d. IM-upplýsingakerfið, RAPEX-tilkynningakerfið, RASFF-tilkynningakerfið eða CPC-netkerfi og önnur netkerfi) í fulla notkun á landsvísi,

- b) að skipuleggja — t.d. í gegnum fyrirbyggjandi netkerfi — skipti á embættismönnum sem bera ábyrgð á málefnum innri markaðarins á milli landsbundinna stjórnvalda,
- c) að tryggja að virkt samstarf á milli yfirvalda sem bera ábyrgð á málefnum innri markaðarins í mismunandi aðildarríkjum sé hluti af landsbundinni stjórnsýslumenningu,
- d) að gera skipulagsráðstafanir til að tryggja að aðildarríkjunum sé kleift að svara þegar í stað beiðnum framkvæmdastjórnarinnar um upplýsingar varðandi beitingu reglna innri markaðarins á landsvísu og einkum í tengslum við tilraunaverkefni ESB (e. EU Pilot project) ⁽¹⁾ og málsmæðferð vegna brota.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanirnar sem hafa verið lagðar til	
Samstarf milli landsyfirvalda	— Náð samstarf er á milli norrænna ríkja og Eystasaltsríkjanna hvað varðar markaðseftirlit, framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum ⁽¹⁾ og önnur málefni innri markaðarins.
	— Samstarf er fyrir hendi á milli landsyfirvalda á sviði opinberra innkaupa (t.d. í gegnum samvinnukerfi fyrir opinber innkaup) og markaðseftirlits. Landsyfirvöld sem annast markaðseftirlit á sviði öryggis neytendavara annarra en matvæla eiga náð samstarf í gegnum PROSAFE-kerfið (e. Product Safety Enforcement Forum of Europe) og ICSMS-kerfið gerir markaðseftirlit kleift með tæknilegum vörum,
Skipti á milli stjórnsýslustofnana	— Landsbundin samkeppnisyfirvöld skiptast á embættismönnum í tengslum við Evrópska samkeppnisnetið,
	— Ýmis landsyfirvöld sem annast markaðseftirlit og yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd eru þátttakendur í skiptum á embættismönnum í tengslum við örygginet fyrir neytendur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ⁽²⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 ⁽³⁾ ,
Fjármögnunar- og mannauðsstuðningur	— Sérstakir hópar hafa verið skipaðir til að setja upp upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn, IM-upplýsingakerfið, og hafa þeir yfir nægilegu fjármagni og nægilegum fjölda starfsmanna að ráða til að geta þróað upplýsingakerfið í sínum aðildarríkjum,
Starfsþjálfun	— Fulltrúar landsyfirvalda þjálfa aðra aðila að IM-upplýsingakerfinu á landsvísu, að lokinni starfsþjálfun á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Þetta fyrirkomulag reynist best ef starfsþjálfunin er hluti af starfslýsingu viðkomandi embættismanna.

1) Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36.

2) Stjtið. ESB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

3) Stjtið. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

3. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ BÆTA LÖGLEIÐINGU REGLNA INNRI MARKAÐARINS

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- a) að búa sig undir að lögleiða, beita og framfylgja tilskipunum um innri markaðinn á landsvísu á skilvirkan hátt og með fyrirvara,
- b) að tryggja að allir embættismenn sem um ræðir vinni náð saman og að allir embættismenn sem bera ábyrgð á lögleiðingu og beitingu tilskipunar á landsvísu komi einnig að samningaviðræðum um viðkomandi tilskipun,
- c) að bæta samstarf á milli landsbundinna stjórnvalda og lands-, svæðis- og undirþinga og svæðis- og staðaryfirvalda sem koma að lögleiðingu og veita þeim, ef nauðsyn krefur, allar viðkomandi upplýsingar varðandi samningaviðræðurnar og lögleiðingarferlið,

1) Prófunaráfanga „tilraunaverkefni ESB“, sem hefur að markmiði að tryggja hraðari svörum við fyrirspurnum og kvörtunum varðandi rétta túlkun og framkvæmd laga Bandalagsins með óformlegri starfsaðferðum í samskiptum framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, var hleypt af stokkunum í apríl 2008 í 15 aðildarríkjum.

- d) að veita hagsmunaaðilum upplýsingar meðan á lögleiðingarferlinu stendur, ef nauðsyn krefur, um tillögur að nýrri löggjöf um innri markaðinn sem gætu gagnast fyrirtækjum og borgurum,
- e) að forðast að viðbótarákvæðum sem ekki eru nauðsynleg til þess að lögleiða tilskipun sé bætt við (1),
- f) að greiða fyrir skoðanaskiptum við framkvæmdastjórnina um lögleiðingu tilskipana um innri markaðinn með margvíslegum úrræðum, s.s. samsvörunartöflum, sem hafa að markmiði að gera landslöggjöf gegnsærri og notendavænni.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanimar sem hafa verið lagðar til	
Tímanlegur undirbúningur	— Landsbundið mat á áhrifum tilskipunar fer fram þegar framkvæmdastjórnin leggur hana fram. Matið felst í nákvæmri greiningu á áhrifunum í viðkomandi aðildarríki og hugsanlegum áhrifum í kjölfar lögleiðingar og beitingar tilskipunarinnar. Það er uppfært á meðan á lögleiðingarferlinu stendur,
Samfelldni	— Náin samvinna milli embættismanna sem annast samningaviðræður, lögleiðingu og framfylgd tilskipana er tryggð. Áhersla er lögð á þörf fyrir slíka samfelldni í landsbundnum leiðbeiningum um lögleiðingarferli tilskipana,
Samvinna við þing	— Upplýsingar varðandi framvindu lögleiðingar tilskipana Bandalagsins eru sendar til þjóðþinga snemma í ferlinu og með reglulegu millibili, m.a. í gegnum stigatöflu um lögleiðingu sem gerð er á hverjum ársfjórðungi,
Samvinna við svæðis- og staðaryfirvöld	— Embættismenn frá svæðis- eða staðaryfirvöldum eiga þátt í þeirri vinnu sem samræmingarhópar ráðuneyta um lögleiðingu inna af hendi.
Samskipti við hagsmunaaðila	— Starfsþjálfun og ráðstefnur um lögleiðingarferlið eru skipulagðar fyrir öll stig opinberrar stjórnsýslu og fyrir frjáls félagsamtök,
	— Almennur hefur aðgang að einfölduðum gagnagrunni um lögleiðingarferlið í gegnum Netið. Upplýsingar um framvindu lögleiðingar eru veittar á vefsetrum ráðuneyta og einnig er birtur listi yfir tilskipanir sem ekki hafa verið lögleiddar innan tímamarka á Netinu,
Komist hjá „óþarfa viðbótarkröfum“	— Landsyfirvöldum ber skylda til að veita borgurunum upplýsingar um ný lög sem lögleiða tilskipanir a.m.k. 12 vikum áður en þau taka gildi,
	— Sértek málsmæðferð er fyrir hendi til að stemma stigu við hættunni á því að ráðstöfunum sem augljóslega eru óþarfar sé bætt við þegar tilskipanir eru lögleiddar, t.d. getur nefnd sem stjórnvöld tilnefna haft kerfisbundið eftirlit með drögum að landslöggjöf sem lögleiðir tilskipanir sem ganga lengra en kröfur tilskipana,
Samsvörunartöflur	— Samsvörunartöflur eru settar upp til þess að miðla upplýsingum og fyrir skimun

4. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ BÆTA EFTIRLIT MEÐ MÖRKUÐUM OG GEIRUM TIL AÐ GREINA HUGSANLEGAR TRUFLANIR Á STARFSEMI INNRI MARKAÐARINS

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- a) að safna megindlegum og eigindlegum upplýsingum um markaði og geira undir eftirliti, t.d. með markaðsgreiningu háskólamanna, ráðgjafa eða hagsmunaaðila, eða með gögnum sem hagstofur aðildarríkja og stofnanir sem annast kærur safna,
- b) að auðkenna staðbundnar uppsprettur upplýsinga og auðvelda aðkomu staðbundinna hagsmunaaðila að markaðseftirlitsferlinu, t.d. með því að skipuleggja staðbundið samráð eða fundi með framkvæmdastjórninni og staðbundnum hagsmunaaðilum sem gegna lykilhlutverki,
- c) að taka þátt í tilteknum þáttum eftirlitsstarfsins, svo sem samkeppnisgreiningu, mati á eftirliti eða gagnasöfnun til að mæla hvernig markaðir virka gagnvart neytendum (t.d. með reglulegum könnunum á meðalverði fyrir sambærilegar neytendavörur og þjónustu, flokkun kvartana frá neytendum og þróun viðeigandi mælikvarða til að mæla gæði framkvæmdar).

1) Með fyrirvara um lögleiðingu ákvæða sem setja fram lágmarkskröfur í tilskipunum sem verða til vegna sameiginlegra valdheimilda í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalaganna (einkum 137. gr. sáttmálans).

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanimar sem hafa verið lagðar til	
Söfnun upplýsinga	— Aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um markaði eða geira sem eftirlit er haft með (t.d. í tengslum við markaðseftirlit með smásöluverslun),
Einstakir þættir eftirlits	— Eftirlit fer einnig fram með tilliti til neytenda- (t.d. með árlegri birtingu vísis um stöðu neytenda sem ber saman skilyrði á 57 mörkuðum og hefur sama aðferð verið tekin upp í öðrum aðildarríkjum) og samkeppnissjónarmiða (t.d. með samkeppniseftirliti á landsbundnum smásölumarkaði).
Eftirlit á landsvísu	— Skoðun fór fram í tilraunaskyni í nánú samstarfi við framkvæmdastjórnina til þess að kanna hvort unnt væri að beita aðferðafræði framkvæmdastjórnarinnar á landsvísu og til að veita stefnumið fyrir ítarlegri greiningar í aðildarríkjunum.

5. RÁÐSTAFANIR TIL ÞESS AÐ BÆTA BEITINGU REGLNA INNRI MARKAÐARINS

Aðildarríkin eru hvött til þess að gera eftirfarandi ráðstafanir varðandi embættismenn sem bera ábyrgð á beitingu reglna innri markaðarins:

- að gefa kost á starfsþjálfun um lög Bandalagsins almennt og reglur innri markaðarins sérstaklega þegar þeir eru ráðnir til starfa,
- að koma á samfelldri þjálfunaráætlun á vinnustað um lög Bandalagsins almennt og um reglur innri markaðarins sérstaklega
- að veita hagnýta leiðsögn í reglum innri markaðarins og beitingu þeirra.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanimar sem hafa verið lagðar til	
Starfsþjálfun	— Skyldubundin starfsþjálfun fyrir embættismenn um lög Bandalagsins, t.d. með því að gera lög Bandalagsins að skyldubundnum þætti í undirbúningi fyrir starf í opinberri stjórnsýslu, auk skipulagningar skyldubundinna námskeiða um málefni í opinberri stjórnsýslu, þ.m.t. kynning á málefnum Bandalagsins,
Samfelld starfsþjálfun	— Starfsþjálfun um málefni Bandalagsins og innri markaðarins fer fram í gegnum námseiningar á netinu, með reglulegri útgáfu fréttabréfa, í gegnum ráðstefnur eða reglubundin fræðslunámskeið á vegum landsbundinna stjórnvalda,
Hagnýtar leiðbeiningar og ráðleggingar	— Sérstök þjálfunarnámskeið um innri markaðinn eru fyrir hendi fyrir embættismenn,
	— Sérstækar leiðbeiningar um innri markaðinn auðvelda landsbundnum embættismönnum að bæta þekkingu sína og færni, einnig eru ítarlegar leiðbeiningar um gagnkvæma viðurkenningu í kjölfar samþykktar vörupakkans í þróun,
	— Sérstakt þjónustuborð annast fyrirspurnir embættismanna um innri markaðinn,
Lög Bandalagsins eru skyldubundinn þáttur menntunar á sviði lögfræði,	— Útskýringar í formi leiðbeininga um hvernig á að skilja og túlka löggjörninga eru birtar á vefsetrum landsbundinna ráðuneyta í þeim tilgangi að upplýsa sérstaklega um beitingu þeirra,
	— Fræðsla og próf um lög Bandalagsins og reglur innri markaðarins
	— Embættismenn skulu standast próf sem m.a. tekur til laga Bandalagsins og reglna innri markaðarins til þess að geta gegnt stöðu innan opinberrar stjórnsýslu.

6. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ STYRKJA FRAMKVÆMD REGLNA INNRI MARKAÐARINS OG EFLA FYRIRKOMULAG VIÐ ÚRLAUSN VANDAMÁLA

- (1) Kerfi til að leysa vanda utan réttar

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- að tryggja að gagnsæjar, einfaldar og ódýrar aðferðir standi borgurum og fyrirtækjum til boða fyrir annars konar lausnir deilumála.
- að taka þátt í og leggja af mörkum til starfsemi og frekari þróunar fyrirkomulags til úrlausnar vandamála á vettvangi Bandalagsins, s.s. net til úrlausnar vandamála á innri markaði og tilraunaverkefni ESB, með virkum hætti, ekki síst með nægilegu fjármagni,

- c) að veita borgurum og fyrirtækjum fullnægjandi upplýsingar á vefsetrum sem tengjast innri markaðinum um fyrirliggjandi fyrirkomulag til úrlausnar vandamála á landsbundnum vettvangi og vettvangi Bandalagsins,
- d) að takast á við ástæður að baki vandálum sem leiða til beitingar fyrirkomulags til úrlausnar vandamála.
- 2) Landsbundið dómkerfi

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- a) að gefa dómurum kost á grunnþjálfum í lögum Bandalagsins almennt og reglum innri markaðarins sérstaklega þegar þeir taka til starfa, sem og samfelldri starfsþjálfun, þ.m.t. í gegnum Evrópunet um menntun dómara og saksóknara (1) sem skipuleggur og fjármagnar skipti á dómurum,
- b) að tryggja auðveldan aðgang að ítarlegum og uppfærðum upplýsingum um löggjöf Bandalagsins um málefni innri markaðarins og dómaframkvæmd Evrópudómstólsins, þ.m.t. í gegnum fyrirhugaða upplýsingagátt Bandalagsins um réttarkerfið og dómsmál (e. e-Justice) (2) sem mun veita aðgang á einum stað að rafrænu kerfi með upplýsingum um réttarkerfi og málarekstur í Evrópu,
- c) að hvetja landsbundna dómstóla til að safna upplýsingum um mikilvæga dóma á sviði innri markaðarins og gera þær aðgengilegar, ekki síst landsbundna dóma þar sem forúrskurðum Evrópudómstólsins er beitt.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanimar sem hafa verið lagðar til	
Fyrirkomulag við annars konar úrlausn deilumála	— Starfandi er kerfi lítilla dómstóla í einkamálum sem ætlaðir eru fyrir lítilsháttar ágreining er starfrækt til að hægt sé að auka hraða og skilvirkni við uppkvaðningu úrskurða og draga úr kostnaði, Það tekur til deilumála sem leyst eru fyrir dómi og utan dómstóla.
Þátttaka í fyrirkomulagi við annars konar úrlausn deilumála á vettvangi Bandalagsins	— Miðstöðvar tengdar neti til úrlausnar vandamála á innri markaði fara með mál fyrir hærri stig innan stjórnsýslunnar, sem annað úrræði, til þess að leita lausnar á því hafi samvinna lögbærs landsyfirvalds ekki verið fullnægjandi.
Upplýsingar um fyrirkomulag við annars konar úrlausn deilumála	— Net til úrlausnar vandamála á innri markaði er kynnt með náinni samvinnu við hópa hagsmunaaðila og með því að senda þeim upplýsingablöð,
Starfsþjálfun	— Dómsmálaráðuneytið skipuleggur sérstök þjálfunarnámskeið um reglur innri markaðarins fyrir dómara. — Þjálfunaráætlanir um lög Bandalagsins eru skyldubundnar fyrir verðandi dómara.
Greiður aðgangur að upplýsingum	— Samantektir um dómaframkvæmd í Bandalaginu eru unnar af sérstakri deild í landsbundnum ráðuneytum sem hafa sérþekkingu á reglum innri markaðarins til notkunar af dómssvaldinu. — Samantektir á þýðingarmiklum dómum eru birtar í tilkynningum um lagaleg efni,
Miðlun mikilvægra landsbundinna dóma sem tengjast beitingu reglna innri markaðarins	— Landsbundnum dómstólum er skylt að tilkynna um mikilvæga dóma sem varða lög Bandalagsins og ákvarðanir um forúrskurði og eru tilkynningar birtar í fréttabréfi.

7. RÁÐSTAFANIR SEM STUÐLA AÐ REGLULEGU MATI Á LANDSLÖGGJÖF

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- a) að þróa kerfisbundnar aðferðir við eftirlit og mat á landslöggjöf um framkvæmd reglna innri markaðarins til að greina ósamræmi í beitingu þeirra, þ.m.t. með samráði við hagsmunaaðila, endurgjöf frá fyrirliggjandi fyrirkomulagi til úrlausnar vandamála, o.s.frv.,
- b) að endurskoða, þar sem því verður við komið, gildandi landsbundnar reglur og stjórnsýsluvenjur til að finna ákvæði sem gætu komið í veg fyrir að borgarar og fyrirtæki nýttu sér tækifæri innri markaðarins til fulls og aðlaga landsbundinn lagaramma þar sem þörf krefur,

1) <http://www.ejtn.net/www/en/html/index.htm>

2) Evrópska „e-Justice“-upplýsingagáttin tekur til starfa 14. desember 2009.

- c) að gera skipulagsráðstafanir til að tryggja að fylgst sé náið með dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og meta reglulega í því samhengi hvort landslöggjöf og stjórnsýsluvenjur séu í samræmi við reglur innri markaðarins.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanir sem hafa verið lagðar til	
Mat á framkvæmd	— Skýrslur og úttektir um eftirámat á áhrifum eru útbúnar til að fylgjast með framkvæmd tilskipana um innri markaðinn,
	— Kerfisbundið samráðsferli við hagsmunaaðila er í þróun til að ræða hvernig (og hvort) valdir pakkar innbyrðis tengdra reglna innri markaðarins séu framkvæmdir og hvernig áhrif þær hafi á borgara og fyrirtæki,
Endurskoðun landsreglna og málsmeðferðar	— Ítarleg endirskoðun fer fram á landslöggjöf á sviði frjáls flutnings á vöru og þjónustu,
Áhrif forúrskurða Evrópudómstólsins könnuð	— Landsbundin yfirvöld greina kerfisbundið hvort breyta þurfi landslöggjöf í framhaldi af nýlegum dómum Evrópudómstólsins.

8. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ BÆTA UPPLÝSINGAGJÖF TIL BORGARA OG FYRIRTÆKJA UM RÉTTINDI ÞEIRRA Á INNRI MARKAÐINUM

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

- a) að efla og auka vitund um upplýsingaþjónustu Bandalagsins (1) innan landsbundinna stjórnvalda og utan þeirra á lands-, svæðis- og staðarvísu, í samræmi við vinnu framkvæmdastjórnarinnar, ekki síst í tengslum við stoðþjónustu um málefni innri markaðarins,
- b) að tryggja aukna samræmingu milli landsbundinna tengiliða sem bera ábyrgð á upplýsingaþjónustu Bandalagsins,
- c) að gera upplýsingar um réttindi og skyldur á innri markaðinum aðgengilegar á öðrum tungumálum og í gegnum vefsetur á Netinu, og færa inn skýrar millivísanir á milli allra viðkomandi landsbundinna gátta og gátta á vegum Bandalagsins þar sem upplýsingar um innri markaðinn er að finna, ekki síst í gegnum gáttina „Þín Evrópa“ (e. „Your Europe“),
- d) að skipuleggja upplýsingaherferðir og -áætlanir um ávinning og tækifæri sem felast í innri markaðinum.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanir sem hafa verið lagðar til	
Efling upplýsingaþjónustu Bandalagsins	— Markviss upplýsingamiðlun til hlutaðeigandi hópa hagsmunaaðila fer fram í gegnum Netið, með útgáfu bæklinga og pása, námskeiðum og upplýsingaherferðum,
Samhæfing upplýsingaþjónustu Bandalagsins á landsvísu	— Samræmingarhópur leiðir saman tengiliði Evópskrar upplýsingaþjónustu (e. Europe Direct), Evrópsks fyrirtækjanets (e. Enterprise Europe Network), Evrópsku réttaraðstoðarinnar (e. Eurojust), Evrópsku neytendamiðstöðvarinnar (e. ECC Net) og kvörtunarnets gegn fjármálaþjónustuaðilum (e. FIN-NET).
Upplýsingar sem auðvelt er að nálgast	— Töluvert magn upplýsinga og ráðgjafar varðandi innri markaðinn er tiltækt fyrir erlenda borgara og fyrirtæki, sem og fyrir ríkisborgara og fyrirtæki sem vilja fara út fyrir landsteinana, í gegnum þverlægar, rafrænar stjórnsýslugáttir, landsbundin vefsetur um málefni Bandalagsins eða sérstök vefsetur ætluð borgurum og fyrirtækjum,
	— Landsbundin upplýsingaveita um innri markaðinn er fyrirhuguð. Hún yrði kostuð af einu stjórnvaldi og viðhaldið af öðrum yfirvöldum sem hlut eiga að máli,
Upplýsingaherferðir	— Unnið er að upplýsingaáætlun um innri markaðinn sem mun fela í sér dreifingu á útgefnu efni, þjálfunarnámskeið og opna fyrirlestra til að upplýsa borgara og fyrirtæki um tækifæri á innri markaðinum.

1) Til dæmis Evrópsk upplýsingaþjónusta, Leiðbeiningaþjónusta fyrir borgara, Þín Evrópa, vinnumiðlunarnet Evrópu, Evrópunet neytendamiðstöðva, Evrópskt fyrirtækjanet.